


Ekkert lát á hækkunum á matvöru

Enn eru miklar hækkunir á matvörum í verslunum, að því er fram kemur í nýrri mælingu verðlagseftirlits á vörukörfu ASÍ sem gerð var um sl. mánaðarmót (viku 36). Við samanburð á mælingu verðlagseftirlitsins frá því í maí (viku 19), hækkar vörufarfan um 2-5% hjá öllum verslunarkeðjum nema Nóatúni, þar sem karfan lækkar um 1%.

Miklar hækkunir eru áberandi í flestum vöruflokkum körfunnar en lækkana gætir á grænmeti og ávöxtum hjá þjónustverslunum og klukkubúðum.

Verð á vörukörfu ASÍ hækkaði mest á milli mælinga í Samkaupum-Strax um 5,6%, í Krónunni um 4,7%, í 11-11 um 4,6% og í Bónus um 4%. Í 10-11 nam hækkunin 3,9%, í Kaskó 3,2%, í Hagkaupum 2,7%, í Samkaupum-Úrval 2,3% og í Nettó hækkaði vörufarfan um 2,2%, á þessu fjögurra mánaða tímabili.



Í lágvöruverðsverslunum hækkaði verð vöruförfunnar mest í Krónunni um 4,7%, sem skýrist að mestu af hækkunum á grænmeti og ávöxtum (12,3%) ásamt brauði og kornvörum (9%), mjólkurvörum (4,3%), sætindum (5,7%) og hreinlætisvörum. Í Bónus hækkaði vörufarfan um 4% á milli verðmælinga sem skýrist að mestu af hækkun á grænmeti og ávöxtum (17,3%), mjólkurvörum (2,8%), ýmsum matvörum (4,5%), brauðmeti (2,1%) og hreinlætisvörum (6,2%) frá því í síðustu mælingu. Hjá Kaskó hækkaði vörufarfan um 3,2%, þá hækkun má að mestu rekja til hækkana á brauði og kornvörum (9,2%), mjólkurvörum (6,1%), ýmsum matvörum (8,7%) og sætindum (7,7%) en á móti vegur lækkun á kjötvörum

Vika 19 og 36	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
Breyting vöruförfu vegið meðaltal	4,0%	4,7%	2,2%	3,2%
Brauð og kornvörur	2,1%	9,0%	2,8%	9,2%
Kjötvörur	1,3%	-0,8%	-5,8%	-5,6%
Mjólkurvörur, ostar og egg	2,8%	4,3%	6,2%	6,1%
Grænmeti og ávextir	17,3%	12,3%	5,0%	2,3%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	2,3%	5,7%	7,2%	7,7%
Ýmsar matvörur	4,5%	2,5%	5,3%	8,7%
Drykkjarvörur	2,2%	1,3%	-1,8%	3,0%
Hreinlætis- og snyrtivörur	6,2%	9,0%	4,3%	4,6%

(-5,6%). Í Nettó hækkaði vörufarfan um 2,2% á milli verðmælinga og skýrist sú hækkun að mestu af hækkun á mjólkurvörum (6,2%), ýmsum matvörum (5,3%), grænmeti og ávöxtum (5,0%) og sætindum (7,2%) en á móti kemur lækkun á kjötvörum (-5,8%).

Í stórmörkuðunum hækkaði verð vörukörfunnar mest, á milli verðmælinga í maí og september, í Hagkaupum, um 2,7% sem rekja má að mestu til hækkana á mjólkurvörum (3,8%), brauði og kornvörum (4,9%), sætindum (5,4%) og ýmsum matvörum (10,5%) í vörukörfunni en á móti vegur lækkun á grænmeti og ávöxtum (-5%). Í Samkaupum-Úrval hækkaði heildarkarfan um 2,3% á milli mælinga sem skýrist að mestu af hækkunum á brauði og kornvörum (7,8%), mjólkurvörum (4,8%) og sætindum (8,3%) í vörukörfunni en á móti vegur lækkun á kjötvörum (-3,9%). Nóatún var eina verslunin þar sem verð vörukörfunnar lækkaði frá því í maí og nam lækkunin 1,1% milli mælinga. Rekja má lækkunina að mestu til lækkana á kjötvörum (-11,3%) og lækkana á grænmeti og ávöxtum (-9,1%) en á móti vegur hækkun á mjólkurvörum (5,7%) ýmsum matvörum (7,4%), brauði og kornvörum (3,8%) og sætindum (5,7%).

Vika 19 og 36	Hagkaup	Nóatún	Samkaup- Úrval	Tíu- ellefu	Ellefu- ellefu	Samkaup- Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	2,7%	-1,1%	2,3%	3,9%	4,6%	5,6%
Brauð og kornvörur	4,9%	3,8%	7,8%	11,5%	4,3%	5,3%
Kjötvörur	0,9%	-11,3%	-3,9%	1,2%	8,2%	6,1%
Mjólkurvörur, ostar og egg	3,8%	5,7%	4,8%	5,3%	3,8%	2,9%
Grænmeti og ávextir	-5,0%	-9,1%	-5,6%	-0,2%	-2,3%	-20,0%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	5,4%	5,7%	8,3%	5,9%	9,3%	10,2%
Ýmsar matvörur	10,5%	7,4%	3,9%	5,1%	2,3%	4,0%
Drykkjarvörur	-0,7%	3,3%	-1,4%	0,2%	3,0%	6,7%
Hreinlætis- og snyrtivörur	0,8%	3,2%	-1,8%	1,9%	5,6%	15,2%

Í klukkubúðunum hækkaði verð vörukörfunnar mest í Samkaupum-Strax um 5,6% á milli mælinga. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun á kjötvörum (6,1%), brauði og kornvörum (5,3%), mjólkurvörum (2,9%), sætindum (10,2%), drykkjarvörum (6,7%) og hreinlætisvörum (15,2%) en á móti vegur talsverð lækkun á grænmeti og ávöxtum (-20%). Vörukarfan í Ellefu-ellefu hækkadi um 4,6%, mestu munar um hækkun á kjötvörum (8,2%), mjólkurvörum (3,8%), brauði og kornvörum (4,3%) og sætindum (9,3%). Minnsta hækkunin á vörukörfunni hjá klukkubúðum var í Tíu-ellefu eða 3,9%, skýrist hækkunin að mestu af hækkun á brauði og kornvörum (11,5%), mjólkurvörum (5,3%), ýmsum matvörum (5,1%) og sætindum (5,1%) í vörukörfunni.

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglad almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða, þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.